

**Ed.**

**461. Frumvarp**

til laga um innflutning á kjarnfóðri o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að takmarka eða banna innflutning til landsins á kjarnfóðri til gripaeldis.

**2. gr.**

Ríkisstjórnin lætur fram fara rannsókn á notagildi innlends kjarnfóðurs, bæði til gripaeldis og alifugla, og birtir niðurstöður þeirrar rannsóknar á þann hátt, að almenningur hafi greiðan aðgang að. Einnig lætur hún athuga notagildi sildarmjöls og beinamjöls til áburðar.

**3. gr.**

Nánari ákvæði um framkvæmdir þessara laga setur atvinnumálaráðherra með reglugerð, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, og má í reglugerðinni ákveða sektir fyrir brot gegn fyrirmælum þeim, er þar kunna að verða sett, svo og að ólöglega innflutt vara skuli upptæk gerð og andvirði hennar renna í ríkissjóð. Skulu mál út af slíkum brotum rekin sem almenn lögreglumál.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi, og gilda ákvæði 1. og 3. gr. til 1. júlí 1935.

**Greinargerð.**

Frv. þetta er flutt eftir ósk atvinnumálaráðherra. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó óbundið atkvæði um ákvæði þess. Fylgdi frv. svofelld greinargerð:

„Ræktun landsins hefir aukizt óðfluga hin síðustu ár, enda hafa bæði einstaklingar og ríkið lagt fram stórfé til aukinnar jarðræktar, bæði til túnræktar og áveitu.

Á svæði því, er styðst að meira eða minna leyti við mjólkurmarkað í Reykjavík, sem sé Reykjavíkurkaupstaður, Gullbringu- og Kjósarsýsla, Árnassýsla, Rangárvallasýsla og Borgarfjarðarsýsla, hefir nýræktin, síðan jarðræktarlögin gengu í gildi 1923, aukizt um 2795,5 ha. Ef gert er ráð fyrir, að af hverjum fullræktuðum ha. fáist um 40 hestburðir, þá samsvarar aukningin vetrarfóðri handa 2795 kúm. Sé ársnyt kýrinnar reiknuð 2300 lítrar, þá neinur framleiðsluauki mjólkur á þessu svæði 6228500 litrum. Í þessum tölum er aðeins miðað við aukningu á túnræktinni, en ótalin sá grasauki, sem fengizt hefir með áveitunum austanfjalls og vitanlega er að allmiklu leyti nautgæft fóður.

Nú er það síður en svo, að þessi aukni hefyngur af ræktuðu landi, sem hér hefir verið bent á sem dæmi um aukningu ræktunarinnar, sé að öllu leyti notaður til mjólkurframleiðslu. Eigi allitill hluti af honum fer til fóðrunar sauðfjár. Um áveitusvæðin er það einnig vitað, að þar fer árlega í sinu feiknin öll af ágætu kúgæfu fóðurgrasi, auk þess sem allmikið af áveituhevi er notað til sauðfjarræktar.

Með því verðlagi, sem nú er á sauðfjárafurðum, er síður en svo, að sauðfjarræktin geti borið uppi þann kostnað, sem leiðir af hinni auknu ræktun, og á það ekki sizt við í þeim sveitum, þar sem gjaffellt er og létt til beitar.

Þar, sem þess á annað borð er nokkur kostur að ná í mjólkurmarkað, þá mun það á slíkum svæðum, eins og nú er komið, gefa meira í aðra hönd, að grasaukinn sé notaður til mjólkurframleiðslu.

Til landsins er keypt árlega frá útlöndum kjarnfóður fyrir stórar fjárhæðir, og fer það að langsamlega mestu leyti til mjólkurframleiðslu. Til dæmis var á árunum 1929—1931 flutt til landsins árlega kjarnfóður fyrir hartnær  $\frac{1}{2}$  milljón króna, og er hér þó ekki talað um neitt rúgmjöl, sem þó er alltaf að einhverju leyti notað til gripafóðurs. Telur Búnaðarfélag Íslands, að með fóðurmagni því, sem til landsins er keypt, mætti framleiða 4—6 milljónir lítra mjólkur, en það samsvari því mjólkurmagni, sem framleitt er árlega í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Reykjavík.

Það er hverjum manni augljóst, að í þessu efni sem öðru væri landinu hallkvæmast að geta búið sem bezt að sínu. Væri það því auðsær vinningur, að það af hefyngur af ræktuðu landi, sem nú er gefið sauðfé, og af áveitulandi, sem þannig er notað eða deyr úti, væri notað til mjólkurframleiðslu og kæmi þar að miklu leyti í stað hins aðkeypta kjarnfóðurs.

Með því verði, sem verið hefir á hevi að undanfögnu, ætti kaupstöðum þeim og kaптúnum og hinu næsta nágrenni þeirra, sem nú byggja mjólkurframleiðslu sína í verulegum mæli á aðfluttu kjarnfóðri, ekki að vera þetta að neinu leyti óhagkvæmara á þeim stöðum, þar sem sámileg aðstaða er til þess að ná að sér hevinu, sem víðast hvar er. Gæti það því orðið til nokkurrar réttingar á þjóðarþúskapnum að breyta til í þessu efni svo sem að framan segir, og að því miða ákvæðin um að veita stjórninni heimild til þess að draga úr innflutningi kjarnfóðurs.

Vitanlega er til þess ætlað, að stjórnin beiti heimildinni með hliðsjón af heyafla og árferði og taki auk þess tillit til, hvernig til hagar á hverjum stað um öflun heyfóðurs.

Rétt þykir að hafa lög þessi tímabundin og sjá, hversu þau gefast. Er þá alltaf hægt um vik að framlengja þau, ef nauðsyn þykir bera til.

Í landinu sjálfu er framleitt verðmætt kjarnfóður, þar sem er sildarmjöl og beinamjöl. Væri mikils um vert að fá rannsakað, hvernig megi með beztum árangri sameina not þessa innlenda kjarnfóðurs og heygjafar til mjólkurframleiðslu og einnig að athuga notagildi og samsetningu þessara fóðurtegunda til alifuglaræktar. Ákvæði 2. gr. frv. lúta að því að fá úr þessu skorið og einnig að gerð verði rannsókn á áburðargildi beinamjöls og sildarmjöls móts við húsdýraáburð og tilbúinn áburð“.